



## **VERKLAGSREGLUR FYRIR MYNDDISKA/MYND BÖND**

Eftirfarandi verklagsreglur fyrir mynddiska/myndbönd voru samdar af mynddiska/myndbandasviðinu til þess að kveða nánar á um eftirlit með þeim almennu reglum sem almennu samþykktirnar innihalda auk framkvæmdar þeirra.

Samþykkt af aðalstjórn SMÁÍS 1. júlí 2006.

## **SKILGREININGAR**

Eftirfarandi skilgreiningar eiga við í þessum reglum:

### Almennar samþykktir

Samþykktir eins og vísað er til þeirra í félagslögunum.

### Hljóð- og myndefni

Kvikmyndir (afritaðar á myndmiðlunarbúnað), dagskrárþættir og vörur sem eru myndskeið úr fyrrgreindu efni, til dæmis sýnishorn, auglýsingar og kynningarefni.

### Bókasafn

Stofnun sem gefur aðgang að bókum sínum almenningi til láns eða uppflættinga.

### Kassi

Safn mynddiska eða myndbanda í sameiginlegum umbúðum.

### Flokkun

Árangur flokkunar þar sem efnið er flokkað fyrir ákveðna aldurshópa og, ef við á, í eina eða fleiri efnisflokkunar þar sem skilgreint er það innihald hljóð- og myndefnisins sem gæti reynst skaðlegt.

### Flokkunareyðublað

Röð spurninga um innihald hljóð- og myndefnisins.

### Flokkunarlykill

Niðurstöður eftir að flokkunareyðublaðið hefur verið fyllt út. Á þeim grundvelli er efnið svo flokkað með tilliti til aldurshópa.

### Flokkunarkerfi

Flokkunareyðublaðið og flokkunarlykillinn í sameiningu.

### Flokkun

Það að beita flokkunarkerfinu á hljóð- og myndefni.

### Auglýsing

Hljóð- og myndræn auglýsingaskilaboð þar sem hljóð- og myndefni er auglýst.

### Smásali

Sá sem á eða rekur myndbandaleigu eða verslun.

### Kvikmyndir á mynddiskum/myndböndum

Kvikmyndir sem vistaðar eru á sjónmiðlum.

### Dreifingaraðili mynddiska/myndbanda

Lögpersóna eða einstaklingur sem falið er að annast dreifingu á mynddiskum eða myndböndum með útgáfu þeirra fyrir augum.

### Kvikmynd

Verk sem byggt er upp af samhangandi röð upptekinna kvikmyndaskeiða.

### Aðalvaran

Hljóð- og myndefni sem sýnishorn, auglýsing eða kynningarefni hefur verið unnið upp úr.

### Innihaldsflokkun

Sá flokkur sem varan lendir í að aflokinni flokkun á hljóð- og myndefni, þar sem tilgreind er sú skaðsemi sem ungu fólki gæti mögulega stafað af innihaldinu og gefin er til kynna með ákveðnu tákni í fastri röð sem hér segir: – ,ofbeldi' (táknmynd: hnefi), ,ótti' (táknmynd: könguló), ,kynlíf' (táknmynd: karl og konu merki), ,gróft orðbragð' (táknmynd: talmerki með @, \* og ! stöfum), ,mismunur' (táknmynd: hópur fólks og einn með öðrum lit) og ,misnotkun vímuefna og/eða áfengis' (táknmynd: sprauta).

### Kápa

Kápan utan um mynddisk eða myndband.

### Kvikmyndaskoðun

Nafn flokkunarkerfisins með viðeigandi táknmyndum frá PEGI sem notaðar eru til að gefa upplýsingar um möguleg skaðleg áhrif hljóð- og myndefnis á ungt fólk.

### Forstrimill

Myndbútur fremst sem inniheldur aldursflokkun myndarinnar.

### Aldursflokkun

Aldursflokkun að aflokinni flokkun á hljóð- og myndefni, þar sem tilgreind er sú skaðsemi sem ungu fólki gæti mögulega stafað af innihaldinu og gefin er til kynna með aldurstáknmynd sem hér segir: ,ekki skaðleg/leyfð öllum aldurshópum' (táknmynd: L), ,ekki mælt með fyrir börn undir 7 ára aldri' (táknmynd: 7), ,ekki mælt með fyrir börn undir 12 ára aldri' (táknmynd: 12), ,ekki mælt með fyrir börn undir 14 ára aldri' (táknmynd: 14), ,ekki mælt með fyrir börn undir 16 ára aldri' (táknmynd: 16) og ,ekki mælt með fyrir börn undir 18 ára aldri' (táknmynd: 18).

### SMÁÍS

Samtök Myndrétthafa á Íslandi

### Útgáfa

Opinber útgáfa, þar með talin dreifing hljóð- og myndefnis í víðtækustu merkingu þess orðs (12. grein í lögum um höfundarrétt).

### Táknmynd

Kvikmyndaskoðun og PEGI lógóin sem sýnir flokkun á grundvelli aldurs og samþykkis.

### Sýnishorn

Frumkynning (vistuð á sjónrænan miðil) á kvikmynd á mynddiski, myndbandi eða í kvikmyndahúsi.

### Myndbandaleiga

Viðskiptafyrirtæki sem hefur mestan hluta tekna sinna af (rafrænni/eðlisrænni) leigu kvikmynda á mynddiskum og myndböndum.

## **MYNDDISKAR/MYNDBÖND**

#### 1. grein

Allir mynddiskar/myndbönd, meðfylgjandi sýnishorn og auglýsingar, sem leigð eru út, lánuð eða seld með útgáfu efnisins fyrir augum, sýnd eða send út á Íslandi verða að uppfylla skilyrði þessara verklagsreglna.

### **ÁBYRGÐ OG SKYLDUR DREIFENDA MYNDDISKA/MYNDBANDA**

#### **FORM OG INNIHALD**

#### 2. grein

Dreifandi mynddiska/myndbanda ber ábyrgð á bæði formi og innihaldi mynddiska sinna, myndbanda, sýnishorna og auglýsinga.

#### **AÐ NOTA KVIKMYNDASKOÐUN FORSTRIMIL Á KVIKMYNDIR Á MYNDDISKUM/MYNDBÖNDUM**

#### 3. grein

Dreifandi mynddiska/myndbanda sér til þess að Kvikmyndaskoðun forstrimillinn sé alltaf hafður fremst í kvikmynd sem dreift er á mynddiskum/myndböndum hans og að þar sé einnig að finna aldursflokkun myndarinnar.

#### **AÐ NOTA TÁKNMYNDIR Á KÁPU/KASSA**

#### 4. grein

Dreifandi mynddiska/myndbanda sér til þess að táknmyndirnar séu sýndar á kápum mynddiska og myndbandskvikmynda á þann hátt sem lýst er hér að neðan, þar sem aldursflokkun kassans er skilgreind á grundvelli þess mynddiska/myndbands sem fær hæsta aldursflokkun í kassanum:

Framhlið kápu/kassa:

- hvað: táknmynd aldurs
- hvar: neðst til vinstri
- stærð: 17 mm há, Mini 50 punkta letur (sjá Kvikmyndaskoðun leturgerð)

Bakhlið kápu/kassa:

- hvað: táknmynd aldurs og innihalds, ekki fleiri en fjórar táknmyndir alls
- hvar: Neðst til hægri
- stærð: táknmynd aldurs, 13.5 mm há, Regular 40 punkta letur  
táknmynd(ir) innihalds, Mini 40 punkta letur (sjá PEGI leturgerð)

## SÝNISHORN

### 5. grein

- 5.1 Flokka þarf sýnishornið sjálfstætt.
- 5.2 Aldursflokkun sýnishorns má ekki vera hærri en aldursflokkun myndarinnar sem á eftir fer.
- 5.3 Dreifandi mynddiska/myndbanda sér til þess að flokkun sýnishornsins sé kynnt fyrirtækinu sem gefur sýnishornið út.

## AUGLÝSINGAR

### 6. grein

- 6.1 Flokka þarf auglýsinguna sjálfstætt.
- 6.2 Dreifandi mynddiska/myndbanda sér til þess að flokkun auglýsingarinnar sé kynnt fyrirtækinu sem gefur sýnishornið út.
- 6.3 Í auglýsingunni á flokkun aðalmyndarinnar alltaf að koma fram.
- 6.4 Dreifandi mynddiska/myndbanda sér til þess að tákmyndirnar séu sýndar í auglýsingunni á þann hátt sem lýst er hér að neðan:
  - Fjöldi sekúndna: 3
  - stærð: sama stærð og lógó stöðvar
  - hvar: helst efst til hægri
  - hvenær: engar leiðbeiningar

## SAFN SÝNISHORNA AF MYNDEFNI

### 7. grein

Flokka skal hljóð- og myndefni með mörgum sýnishornum úr kvikmyndum sem eina heild.

## ÞÁTTA/MYNDARAÐIR

### 8. grein

- 8.1 Þrátt fyrir það sem fram kemur í 1. grein, 1. lið, almennra samþykktá má dreifandi mynddiska/myndbanda flokka röð mynddiska/myndbanda á grundvelli sýnishorns.
- 8.2 Aldursflokkun á þáttaröð mynddiska/myndbanda er skilgreind á grundvelli sýnishorns þáttar eða þátta sem fékk hæsta flokkun.
- 8.3 Innihaldsflokkun á þáttaröð mynddiska/myndbanda er skilgreind á grundvelli sýnishorns þáttar eða þátta sem fékk hæsta aldursflokkun
- 8.4 Fjöldi sýnishorna af þáttum er háð lengd þáttaraðarinnar. Meginreglan um fjölda sýnishorna er sem hér segir:

Lengd þáttaraðar	Fjöldi sýnishorna	Hvaða þættir eru sýnishorn
2 til 6 þættir	2 þættir	nr. 1 og 2
7 til 13 þættir	3 þættir	nr. 1, 2 og 3
14 til 19 þættir	4 þættir	nr. 1, 2, 3 og 4
20 til 25 þættir	5 þættir	nr. 1, 2, 3, 4 og 5
26 til 30 þættir	6 þættir	nr. 1, 2, 3, 4, 5 og 6

Séu fleiri en 30 þættir sýndir á hverju ári eru fyrstu sex þættir af fyrstu 30 (í sömu númeraröð og fram kom hér að ofan) teknir sem sýnishorn og eftir það 2 þættir af hverjum 30, það er fyrstu tveir þættirnir af næstu 30 þáttum. Ekki þarf að flokka fleiri en 10 mynddiska/myndbönd úr hverri þáttaröð hvert ár.

## **ÁBYRGÐ OG SKYLDUR SMÁSALA/BÓKASAFNS**

### **LEIÐBEININGAR FYRIR STARFSFÓLK Í MYNDBANDALEIGU/BÓKASAFNI**

9. grein

- 9.1 Smásali/bókasafn sér til þess að starfsfólkið þekki til Kvikmyndaskoðun.
- 9.2 Smásali/bókasafn þarf að hafa nægilega vitneskju um Kvikmyndaskoðun, eins og lýst er af SMÁÍS svo hægt sé að miðla henni til viðskiptavina myndbandaleigu/verslunar/bókasafns eins og farið er fram á.

### **VIÐBÆTUR VIÐ VERKLAGSREGLURNAR**

10. grein

- 10.1 Hægt er að senda skriflegar tillögur til stjórnarinnar um breytingar á verklagsreglum þessum. Stjórnin ákveður hvort hún samþykkir breytingarnar innan þriggja mánaða frá því að tillagan var lögð fram.
- 10.2 Verklagsreglur þessar mega hvorki vera andsnúnar lögum, félagslögum né almennu samþykktunum.